

**Fundargerð**  
**272. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs**  
Þriðjudaginn 3. september 2019 kl. 12<sup>00</sup> – 13<sup>17</sup>.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Heiðrún Lind Marteinsdóttir (HLM)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Eygerður Margrétardóttir (EM)

### **1. Kynning.**

Stjórnarmenn kynntu sig og sín störf sem og sína varamenn.

### **2. Fundargerð.**

Fundargerð síðasta fundar (271. fundar) samþykkt.

### **3. Varaformaður stjórnar.**

Samþykkt að LÓ verði tilnefndur varaformaður stjórnar Úrvinnslusjóðs. ÓK falið að tilkynna umhverfis- og auðlindaráðuneyti um niðurstöðuna.

### **4. Fundaráætlun og vinnulag stjórnar.**

Samþykkt að stjórnarfundir verði kl. 9.00 á miðvikudagsmorgnum. Tillaga að fundardögum stjórnar í september til loka desember 2019 samþykkt.

LHG sagði frá fundi sínum með umhverfis- og auðlindaráðherra um málefni Úrvinnslusjóðs. Þar var rætt um stöðu ágreinings um tekjustofna Úrvinnslusjóðs. Einnig var rætt um áherslur ráðherra um að nýta úrvinnslugjald til að sporna við úrgangi með álagningu úrvinnslugjalds og að gjaldið verði nýtt fyrir fleiri vöruflokka en ekki eingöngu nýtt til að mæta EES skuldbindingum. Ráðherra er áfram um gott samstarf atvinnulífs, sveitarfélaga og ráðuneytis við meðhöndlun á úrgangi.

### **5. Drög að stefnu í úrgangsmálum.**

Lagt var fram á fundinum bréf Umhverfisstofnunar, dags. 12. júlí 2019, og drög að stefnu umhverfis- og auðlindaráðherra í úrgangsmálum. Athugasemdir samtaka sem fulltrúa eiga í stjórn Úrvinnslusjóðs hafa skilað umsögn í málínu nú þegar. Umhverfisstofnun hefur veitt Úrvinnslusjóði frest til 6. september 2019 að skila umsögn um málið.

Vakin var athygli á eftirtöldum aðgerðum í drögunum:

- Lagt til að tekin verði upp framleiðendaábyrgð fyrir allar umbúðir (viðbætur; umbúðir úr gleri, járnrikum máli, áli og við). Aðgerð E á bls. 25.
- Sérstök söfnun spilliefni frá heimilum. Aðgerð F á bls. 25.
- Lágmarkskröfur um fyrirkomulag við flokkun heimilisúrgangs og skylda til flokkunar. Aðgerð 1 á bls. 26. Lagt til að tekjur af úrvinnslugjaldi verði nýttar til að styðja við endurvinnslu innanlands. Aðgerð 4 á bls. 28.
- Fræðsla til almennings um úrgangsmál í samvinnu við Úrvinnslusjóð. Aðgerð 6 á bls. 29.

*(Handwritten signatures and initials of the attendees)*

- Fræðsla og aukin þjónusta við söfnun notaðra rafhlaðna og rafgeyma og söfnun notaðra raf- og rafeindatækja. Aðgerð 8 á bls. 30.

Málið rætt og ákveðið að skila inn umsögn um málið. Stjórn samþykkir að senda umsögn til Umhverfisstofnunar, þar sem áhersla er lögð á meðferð úrvinnslugjalds m.t.t. laga um opinber fjármál og ágreinings þar um. Stjórn telur að drög að stefnu um úrgangsmál sé byrjun á samtali milli aðila er starfi við meðhöndlun úrgangs. Nánari samstarf þarf að eiga sér stað áður en vinnu við stefnu í úrgangsmálum ljúki m.t.t. mats á samkeppnishæfni Íslands, kostnaðarmati með hliðsjón af rekstri fyrirtækja og sveitarfélaga o.fl. Í umsögn skal enn fremur benda á að stefnumótun Úrvinnslusjóðs stendur fyrir dyrum í haust.

## 6. Verkefni haustsins.

Farið yfir helstu mál sem lægju fyrir í starfi stjórnar:

- Óstaðfestir ársreikningar 2017 og 2018 vegna ágreinings um skráningu tekna – nú til úrlausnar hjá Reikningsskilaráði.
- Stefnumótun Úrvinnslusjóðs
- Álagning úrvinnslugjalds á glerumbúðir
- Drifrafgeymar í farartækjum
- Nýtt fyrirkomulag blandaðra plastumbúða
- Endurskoðun á endurgjaldi fyrir hjólbarða

Rætt um stöðu Úrvinnslusjóðs sem tæki atvinnulífsins sem samstarfsvettvangur um framlengda framleiðaendaábyrgð og að því þyrfti að halda á lofti gagnvart stjórnvöldum og í erlendum samskiptum.

Stjórnarmenn ræddu stöðu á vinnu Reikningsskilaráðs en niðurstaða er væntanleg í september.

## 7. Önnur mál.

Stjórn þakkar Guðmundi G. Þórarinssyni einstaklega gott samstarf og hans mikilvæga framlag til umhverfismála. Með sterkri framtíðarsýn og einstakri lagni við að sætta ólík sjónarmið atvinnulífs og stjórnvalda hefur hann leitt samstarf sem er til mikillar eftirbreytni og hefur reynst farsæl lausn við meðhöndlun á úrgangi, umhverfinu til hagsbóta.

Næsti fundur 25. september 2019 kl. 9.

Fundi slitið kl. 13.17.

*Laufey Helga Guðmundsdóttir*

*Klaus Óskar  
Björn Ólafsson*

*Hann  
Eggertur Magnússon*